

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 19/2003

frá 31. janúar 2003

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2001 frá 13. júlí 2001 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB frá 23. september 2002 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis (2003-2008) ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun nr. 1786/2002/EB fellir úr gildi frá 31. desember 2002 ákvarðanir Evrópuþingsins og ráðsins nr. 645/96/EB ⁽³⁾, 646/96/EB ⁽⁴⁾, 647/96/EB ⁽⁵⁾, 102/97/EB ⁽⁶⁾, 1400/97/EB ⁽⁷⁾, 372/1999/EB ⁽⁸⁾, 1295/1999/EB ⁽⁹⁾ og 1296/1999/EB ⁽¹⁰⁾ sem eru hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 251, 20.9.2001, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 20.9.2001, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 95, 16.4.1996, bls. 16.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 19, 22.1.1997, bls. 25.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 193, 22.7.1997, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 46, 20.1.1999, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 155, 22.6.1999, bls. 7.

- 4) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að þessi aukna samvinna geti hafist frá 1. janúar 2003.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

1. Fyrstu átta undirliðir í 1. mgr. falli brott.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr.

„- **32002 D 1786:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB frá 23. september 2002 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði almannheilbrigðis (2003-2008) (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 1).“

3. Ákvæði 2. mgr. falli brott.
4. 3. mgr. verði 2. mgr. og 4. mgr. verði 3. mgr.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2003.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann